

UMSÖGN

Umferðarlög - 307. mál, lagafrumvarp, 146. löggjafarþing 2016–2017.

Computer Vision ehf.
kt. 480616-2270
Framkvstjr. Ársæll Baldursson

Félagið Computer Vision ehf. (www.computervision.is) starfar í dag við þróun, uppsetningu og rekstur á rafrænu sjálfvirku myndgreiningarkerfi sem les bílnúmer ökutækja og tengir við ökutækjaskrá. Kerfið tengist einnig greiðsluleiðum svo sem heimabanka, greiðslukortum, heimasíðu og app í farsíma. Með tækni Computer Vision ehf. geta rekstraraðilar bílastæða á sjálfvirkann hátt haft eftirlit með bílastæðum auk þess að innheimta fyrir notkun þeirra. Innheimtan getur verið byggð á tegund ökutækis svo sem sér gjald fyrir einkabíla, hóp bifreiðar, Jeppa (7-11 manna) osfrv. allt eftir því hvernig ökutækjaskrá flokkar ökutæki hjá sér. Kerfi Computer Vision hentar einnig vel við innheimtu veggjalda þar sem bifreið þarf ekki að stöðva til að greiða og mismunandi gjald er greitt eftir tegund bifreiðar t.d. bifreiðar vegna fyrirtækisreksturs greiða veggjald en einkabílar ekki. Þannig greiði bílaleigubílar, sendibílar, vörubílar, rútur ofl. veggjald. Kerfi frá Computer Vision ehf. er þegar í notkun hjá Sorpu bs, og næstu vikum verður settur upp búnaður hjá Vaðlaheiðagöngum, Vodafone, Reykjanes Aurora Park og Vatnajökulspjódgarði.

Í núverandi tillögum um breytingu á umferðarlögum er ekki tekið tillit til tækniframfara sem orðið hafa varðandi innheimtu bílastæðagjalda. Í 108gr Umferðarlaga þarf að breyta núverandi málsgrein "Gjaldið skal lagt á með skriflegri tilkynningu, sem fest skal við ökutækið eða afhent ökumanni." Í

Gjaldið skal lagt á a) með sjálfvirku rafrænu eftirliti og sent eiganda eða umráðamann ökutækis með rafrænum hætti eða með tilkynningu sem send er eiganda ökutækis eða b) með skriflegri tilkynningu sem fest skal við ökutækið eða afhent ökumanni.

Með þessu er tryggt að rafrænt eftirlit er samþykkt sem leið til að leggja gjaldið á og að afhenda má gjaldið rafrænt til eiganda eða umráðamann ökutækis. Horfa má til þess að í dag er sjálfvirkum hraðamyndavélum beitt við hraðakstur eftirlit.

Með sjálfvirku rafrænu eftirliti og rafrænni sendingu á gjaldi er sjálfvirkni við innheimtu auðvelduð. Með slíku kerfi þarf ekki kostnaðarsama innviði s.s. umferðarslá, greiðsluvélar, starfsmenn og aðstöðu fyrir þá. Rekstrarkostnaður innheimtu er lægri sem gerir fleiri minni svæðum mögulegt að setja upp innheimtu.

Undirritaður er reiðubúinn til að funda með Umhverfis- og samgöngunefnd til að kynna þessa tækni betur.

fh. Computer Vision ehf.
Ársæll Baldursson, framkvæmdastjóri
sími
email arsaell@computervision.is